

Fundargerð 77. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2023, miðvikudaginn 13. desember kl. 08:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Þórdís Sif Sigurðardóttir, Fannar Jónasson, Björn Ingimarsson, Heimir Örn Árnason og Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir.

Að auki sátu fundinn Valgerður Freyja Ágústsdóttir sem ritaði fundargerð.

Baldur Smári Einarsson og Íris Róbertsdóttir boðuðu forföll á fundinn.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Sjávarútvegsstefna og frumvarp til laga um sjávarútveg- óskað umsagnar - 2312001SU

Lagt fyrir frumvarp til laga um sjávarútveg og sjávarútvegsstefna sem birt voru í samráðsgátt stjórnvalda þann 24.11.2023.

Stjórn samtakanna leggur áherslu á að tekið verði tillit til starfsumhverfis sjávarútvegsins og byggðapróunar í öllum breytingum sem til umræðu eru í áðurnefndu frumvarpi.

Stjórn felur starfsmanni og formanni að ganga frá umsögn og senda á stjórnarmeðlimi til skoðunar.

jafnframt hvetur stjórn aðildarsveitarfélög sín til að skoða vel frumvarpið og sjávarútvegsstefnu og veita við það umsagnir.

2. Frumvarp til laga um lagareldi- óskað umsagnar - 2312002SU

Lagt fyrir frumvarp til laga um lagareldi sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda þann 6.12.2023.

Stjórn samtakanna leggur áherslu á að tekið verði tillit til starfsumhverfis í fiskeldi og byggðapróunar í öllum breytingum sem til umræðu eru í áðurnefndu frumvarpi.

Stjórn felur starfsmanni og formanni að ganga frá umsögn og senda á stjórnarmeðlimi til skoðunar.

jafnframt hvetur stjórn aðildarsveitarfélög sín til að skoða vel frumvarpið og veita við það umsögn.

Fundi var slitið kl. 08:30